

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi í landi Vaðness, Hrauntröð 31-37.*
Í breytingunni felst að lega og stærðir lóðanna 33, 35 og 37 við Hrauntröð breytast ásamt því að aðkoma að lóðum 31-37 breytist.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2013.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Öndverðarness, Goðhólsbraut.*
Í breytingunni felst að við afleggjara Biskupstungnabrautar og Goðhólsbrautar er gert ráð fyrir 56 m² lóð, Goðhólsbraut 2a, undir 15 m² spennistöð ásamt aðkomu.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2013